

Samþykktir

Minningarsjóður Jennýjar Lilju

NAFN, HEIMILISFANG OG TILGANGUR FÉLAGSINS

1. gr.

Félagið er almenn félagasamtök og er nafn þess Minningarsjóður Jennýjar Lilju. Heimilisfang þess er Ásakór 5 203 Kópavogi

2. gr.

Tilgangur félagsins er að styrkja einstaklinga sem misst hafa ástvin á barnsaldri, vinnuhópa/vinnufélaga til að sækja sér fræðslu og viðbragðsaðila til tækjakaupa. Leiðir til að ná markmiðum sínum skal félagið móta á aðalfundi. Bóka skal allar ákvörðunartökur og þær auglýstar á heimasíðu/félsbókarsíðu félagsins.

STOFNENDUR OG FÉLAGSAÐILD

3. gr.

Stofnendur Minningarsjóðs Jennýjar Lilju eru Gunnar Lúðvík Gunnarsson, Ingi Örn Geirsson og Rebekka Ingadóttir.

4. gr.

Félagssaðild er opin öllum þeim sem vilji styðja við markmið félagsins og hafi meðmæli tveggja félagsmanna.

AÐALFUNDUR

5. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar
6. Önnur mál

STJÓRN

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3-8 félagsmönnum, þ.e. formanni og 2 – 7 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 8 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmarritun er í höndum meirihluta stjórnar.

7. gr.

Stjórn félagsins sér um úthlutanir úr sjóðnum og skal styrkbeiðnum beint skriflega til hennar. Stjórn hefur þó heimild til þess að veita styrk án undangenginnar umsóknar.

8. gr.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir störf sín.

RÁÐSTÖFUNG TEKNA

9. GR.

Tekjur félagsins verða styrkir og önnur framlög. Allt fé sem sjóðnum hlotnast skal renna óskipt til góðgerðarmála eftir ákvörðunum stjórnar og til samræmis við tilgang félagsins.

STARFSÁR

10. gr.

Starfsár félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

BREYTINGAR OG SLIT

11. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum Minningarsjóðs Jennýjar Lilju. Ákvörðunina skal taka á aðalfundi og þarf til þess einfaldan meirihluta atkvæða.

12. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi, einfaldan meirihluta þarf til að slíta félaginu. Komi til slita félagsins skulu eignir þess renna til verkefna sem samræmast tilgangi félagsins.

Samþykkt á stofnfundi Minningarsjóðs Jennýjar Lilju
Kópavogi, 21. nóvember 2016

Gunnar L Gunnarsson

Ingi Örn Geirsson

Rebekka Ingadóttir